



Fréttabréf ÖBÍ
MARS/APRÍL 2019



Frá 1. maí göngu ÖBÍ 2018. Mynd KJARNINN

Lífskjara hvað?

Svokallaður „Lífskjarasamningur“ var undirritaður á dögunum, milli stéttarfélaga á almenna markaðnum og Samtaka atvinnulífsins. Íslenska ríkið lagði eitt og annað í púkkið. Öryrkjar bíða enn eftir því að vita hvaða þýðingu aðkoma ríkisins hefur. Ljóst er að lækkun skatta á lægstu laun skiptir máli, en spurning er hvaða aðrir þættir í innleggi stjórnvalda koma örorkulífeyrisþegum til góða og hvað stjórnvöld hyggjast gera að auki. Víst er að ÖBÍ liggur ekki á liði sínu í þessum efnum.

Formaður ÖBÍ hefur þegar óskað eftir upplýsingum frá stjórnvöldum um áhrif samninganna á öryrkja. Það er

hverjum manni ljóst að 248 þúsund krónur fyrir skatt duga engum til að lifa mannsæmandi lífi. Þannig hafa bæði formaður og varaformaður ÖBÍ talað um þessi mikilvægu mál í viðtölum og greinum í fjölmiðlum. Í lögum um almannatryggingar er skýrt ákvæði um að framfærsla öryrkja fylgi launaþróun. Ekki er hins vegar að sjá að stjórnvöld ætli sér að fylgja lögum í landinu. Sem dæmi má nefna að ríkisstjórnin beitti sér fyrir ríflegri hækkun atvinnuleysisbóta. Það er vitaskuld mikilvægt og gott fyrir þau sem missa vinnuna, en um leið er sorglegt að sjá okkar hóp enn sitja á hakanum hjá stjórnvöldum.

Gott samstarf við verkó

Samstarf ÖBÍ við verkalyðshreyfinguna hefur verið gott og það heldur áfram. Það var fyrir þrýsting frá ÖBÍ að ASÍ tókst að fá stjórnvöld til þess að gera betur í lækkun tekjuskatts á lægstu laun en þau höfðu áður boðað.

Verkalyðshreyfingin hefur ekki umboð til samninga fyrir öryrkja, en það er gott til þess að vita að við höfum stuðning verkalyðshreyfingarinnar í mikilvægum



málum sem varða hagsmuni öryrkja. Hér erum við til dæmis að tala um starfsgetumatið, en á síðasta þingi ASÍ tók Alþýðusambandið undir með ÖBÍ um að leggjast gegn starfsgetumati, sem er mikilvæg stefnubreyting hjá verkalýðshreyfingunni. Fyrir liggur að bæta þarf kjör öryrkja almennt. Það gengur ekki að örorkulífeyrisþegar séu endalaust látnir sitja eftir, aftast í goggunarröðinni, og þurfa eilíft að biðja eftir kjarabótum, enda þótt núverandi forsætisráðherra hafi eftirminnilega lýst því yfir á Alþingi að „Stjórnvöld eiga ekki að biðja fátækt fólk á Íslandi að biðja eftir réttlætinu.“

Samt sem áður er þetta staðan. Við sitjum enn uppi með krónu-á-móti-krónu skerðingu, enda þótt afnám hennar sé sjálfsagt og sjálfstætt réttindamál. Stjórnvöld virðast ekki taka í mál að bæta kjör örorkulífeyrisþega, nema fallist verði á starfsgetumatið, sem ekki aðeins ÖBÍ, heldur einnig



Rósa María Hjörvar formaður Málfnahóps ÖBÍ um kjaramál talaði í Hungurgöngu á Austurvelli í mars 2019.

verkalýðshreyfingin leggst gegn, enda er reynslan af því slæm, nánast hvert sem lítið er.

Alþingi missir þolinmæðina

Eins gengur hægt að fá stjórnvöld til þess að fara að lögum varðandi búsetuskerðingar. Stjórnvöld hafa viðurkennt álit Umboðsmanns Alþingis sem fram kom síðasta sumar um að framkvæmd búsetuskerðinga, að minnsta kosti undan farinn áratug, standist ekki lög. Við erum að tala um að stór hópur örorkulífeyrisþega er hlunnfarinn um 500 milljónir króna á hverju ári, með ólöglegum skerðingum. Þrátt fyrir þetta halda stjórnvöld áfram hinni ólöglegu framkvæmd.

Það sem verra er. Ráðherrar og Tryggingastofnun benda hvert á annað. Þetta er ópolandi ástand. Og meira að segja Alþingi hefur misst þolinmæðina, og hefur velferðarnefnd þingsins kallað eftir öllum upplýsingum um samskipti félagsmálaráðuneytisins,



Halldóra Mogensen formaður velferðarnefndar Alþingis.

fjármálaráðuneytisins og Tryggingastofnunar til þess að reyna að fá einhvern botn í það á hverju strandi.

Einstakar skerðingar

ÖBÍ undirbýr nú dómsmál á hendur stjórnvöldum til þess að fá krónu-á-móti-krónu skerðingum hnekk. Forsvarsmenn bandalagsins hafa verið óþreytandi við að berjast gegn afnámi þessarar skelfilegu fátæktargildru og leiða ráðamönnum fyrir sjónir kosti þess að afnema hana strax. Þeir kostir eru margir. Varaformaður ÖBÍ benti á það í grein í Morgunblaðinu



Halldór Sævar Guðbergsson varaformaður ÖBÍ

á dögnum að svona skerðingar þekkist ekki í nágrannalöndunum. Það skilur heldur enginn hvernig stjórnvöldum dettur í hug að refsa einum hópi fólks, þeim sem verst standa, með 100% skerðingum, fyrir það eitt að reyna að bæta hag sinn og sinna með vinnu. Þarna eru stjórnvöld í fullkominni mótsögn við sjálf sig. Það þýðir ekkert að tala um að fólk með skerta starfsgetu verði að fara út á vinnumarkað, með svokölluðu starfsgetumati, þegar stjórnvöld sjálf reisa svo háar girðingar að enginn á þess raunverulegan kost.



Rangfærslur ráðamanna

Þessu til viðbótar má nefna að á dögnum kom upp á yfirborðið að það er langt í frá eining í samráðshópi stjórnvalda um nýtt framfærslukerfi almannatrygginga. Í þeirri vinnu hafa fulltrúar stjórnvalda ekki tekið í mál að afnema krónu-á-móti-krónu skerðinguna nema öryrkjar kyngi starfsgetumati skilyrðislaust. Formaður ÖBÍ hefur í þeirri vinnu lagt fram skýrar og ábyrgar tillögur um nýtt framfærslukerfi og afnám þessarar grimmu og óréttlátu skerðingar. Það hindraði samt ekki Ásmund Friðriksson, þingmann Sjálfstæðisflokksins, í að fara í ræðustól Alþingis og á síður Morgunblaðsins, með rangfærslur um að ÖBÍ leggjðist gegn afnámi þessarar skerðingar. Sama sagði Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra, í ræðustól Alþingis. Forystumenn ÖBÍ brugðust hart við ummælum beggja með afgerandi hætti. Það er enda bæði sorglegt og um leið ákaflega þreytandi, að horfa upp á æðstu valdamenn fara með alvarlegar rangfærslur um stöðu mála.



F.v. formaður ÖBÍ, Indriði Þorláksson, Brynhildur Flóvenz, Bergþór Þórðarson, Halldóra Mogensen og Drífa Snædal.

Kjaramálin í forgrunni

Málefnaþingur ÖBÍ um kjaramál stóð fyrir málþingi um miðjan mars undir yfirskriftinni: Eru öryrkjar fólkið með breiðu bökin?

Er von að spurt sé. Fram kom meðal annars að kjör öryrkja hafa stöðugt dregist aftur úr kjörum annarra í samfélaginu, um næstum þriðjung frá hrúni, og um tvo þriðju undanfarna þrjá áratugi. Þetta er óásættanlegt og stjórnvöld verða að girða sig í brók. Þá var bent á hvernig skattkerfið hefur verið notað til þess að leggja sífellt þyngri byrðar á herðar lágtekjufólks. Ljóst er að þessu verður að breyta. Stjórnvöld sýndu örlítið lífsmark í tengslum við kjarasamninga á almennum markaði, en þau verða að gera miklu betur.



Steinunn Þóra Árnadóttir málþingsstjóri og dr. Lucy-Ann Buckley dósent við lagadeild NUI Galway

Konur hafa verri stöðu

Þá stóð Kvinnahreyfing ÖBÍ fyrir vel sóttu og vel heppnuðu málþingi á Grand hóteli. Meðal annars var fjallað um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, og fjallaði Dr. Lucy-Ann Buckley, dósent í lögfræði við NUI Galway á Írlandi, um það hvers vegna konur eru sérstaklega nefndar í samningnum. Erindi hennar vakti mikla athygli og var meðal annars rætt við hana í fréttum Stöðvar 2.



Ungmennapening ÖBÍ

Málefnaþópur ÖBÍ um málefni barna stóð fyrir Ungmennapeningi sem tókst ákaflega vel. Ungmennirnir komu saman og settu á dagskrá fjöldamörg mál sem varða þeirra hagsmuni og sýn á samfélagið. Nú er unnið úr niðurstöðum málþingsins og verður afraksturinn færður félags- og barnamálaráðherra.

Báðar eru þær mjög vel að sér þegar kemur að því að taka út aðgengi.

Margrét Lilja nemur lífeindafræði við Háskóla Íslands, samhliða störfum sínum við aðgengisátakið. Hún er með EDS, sem er sjaldgæfur bandvefssjúkdómur. Hann hefur í för með sér að hún þarf oftast að nota hjólastól til að komast sína leið.

Guðrún Ósk er með meistaraþráðu í matvælafræði. Dóttir hennar, 5 ára, er með erfðasjúkdóm sem kallar á að hún noti hjólastól.

Aðgengisátak ÖBÍ hefur þegar vakið mikla athygli. Þannig var tekið út aðgengi á kvennadeild Landspítalans og á leitarstöð Krabbameinsfélagsins. Niðurstöðurnar voru kynntar á áðurnefndu málþingi Kvennahreyfingarinnar og var í kjölfarið fjallað ítarlega um málið í Fréttablaðinu. Við hvetjum ykkur öll til þess að fylgjast vel með áttakinu á samfélagsmiðlum.

Facebook: Aðgengisátak ÖBÍ

Instagram: @adgengisatak_obi

Snapchat: adgengisatakobi

Aðgengisátak ÖBÍ



ÖBÍ hefur hleypt af stokkunum sérstöku aðgengisátaki. Málefnaþópur ÖBÍ um aðgengi hefur umsjón með áttakinu en tveir starfsmenn hafa verið ráðnir til sex mánaða, til að sinna áttakinu, þær Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir og Guðrún Ósk Maríasdóttir.

„Þetta er mjög brýnt“ sagði Margrét Lilja í samtali við vef ÖBÍ þegar áttakið var fyrst kynnt. „Það er ótrúlega mikilvægt að allir komist að, hvort sem það er í heilbrigðiskerfinu eða menntakerfinu, eða bara alls staðar þar sem fólk þarf að komast um.“

„Við munum einbeita okkur að opinberum stofnunum og öðrum stöðum þar sem fólk þarf að komast og allir eiga að geta komist um,“ bætti Guðrún Ósk við.

Erlent samstarf

Formaður ÖBÍ sótti EDF fund (European Disability Forum) sem haldinn var í Búkaresht helgina 22.-24. mars. Fundurinn snerist að stórum hluta um atvinnumál fatlaðs fólks í Evrópu en kastljósinu var beint að aðstæðum í Rúmeníu. Á sama tíma var ungliðafundur EDF haldinn á sama stað og þar var atvinnulíf og ungt fatlað fólk skoðað sérstaklega.

Mánudaginn 25. mars hófst fundur Handikapporganisationer Nordiska Råd (HNR) sem lauk 26. mars. Að þessu sinni er ÖBÍ í forsvari fyrir fundi HNR til 2021. Á fundinn mættu formenn eða fulltrúar og framkvæmdastjórnar regnhlífasamtaka fatlaðs fólks á Norðurlöndum. Á dagskrá var meðal annars kynning á vinnumarkaðnum á Íslandi fyrir fólk með skerta starfsgetu sem Þórdís Viborg, verkefnastjóri hjá ÖBÍ, sá um. Fjallað var um aðgerðir stjórnvalda til að efla atvinnuþátttöku sem hafa gefist vel og aðgerðir sem hafa ekki skilað tilætluðum árangri og komið með tillögur að nýjum aðgerðum. Fulltrúar hinna landanna sögðu frá stöðunni í sínum löndum. Stefnt er að því að gefa út skýrslu um málið um næstu áramót. Þá var rætt um nýstofnuð grænlenk regnhlífasamtök, NIIK, og aðkomu þeirra að HNR en í dag eru það grænlenku samtökin KNIPK sem eru



Guðni Th. Jóhannesson forseti tók á móti fulltrúum norrænu fötlunarsamtakanna (HNR) á Bessastöðum.

aðilar að HNR með tvo fulltrúa. Tillaga kom fram um að NIIK fengi einn fulltrúa í HNR og að fulltrúar KNIPK myndu fækka um einn og var sú tillaga samþykkt. Enduðum við fundinn á heimsókn til forseta Íslands sem tók afar vel á móti hópnum á Bessastöðum og bauð í kaffi og pönnukökur.



Fulltrúar norræna fötlunarráðsins fyrir utan velferðarráðuneytið.

Sama dag hófst fundur norræna fötlunarráðsins en þar eiga sæti fulltrúar regnhlífasmata fatlaðs fólks á Norðurlöndum og fulltrúar ráðuneytanna. Þessum fundum er ætlað að upplýsa hvað ber hæst í hverju landi. Þetta eru gríðarlega mikilvægir fundir og upplýsandi. Í lokin sóttu ráðsfundarfulltrúarnir norræna ráðstefnu um geðheilbrigði barna sem haldin var af Velferðarráðuneytinu á Grand hóteli.

Allir sem geta - Fjölmönnum í 1. maí gönguna
ÞRAUTAGANGA ÖRYRKJA
oft var þörf en nú er nauðsyn - verum sýnileg!